

Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnueggjum hf.

2022



Efnisyfirlit:

bls.

1. Staðfesting endurskoðanda	1
Staðfesting og áritun PWC	
2. Yfirlýsing stjórnar.....	2
3. Almennar upplýsingar	3
Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit	
Stjórn félagsins	
4. Umhverfisstefna Stjörnueggja hf.	4
5. Lykiltölur um umhverfismál	5
Hráefnis og auðlindanotkun	
Framleiðsluferill starfseminnar	
Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur	

1. Staðfesting endurskoðanda.

Staðfesting og áritun skýrslunnar.

Áritun endurskoðanda.

Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Stjörnuegg hf. fyrir árið 2022 sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Stjörnuegg hf. fyrir árið 2022 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík

PricewaterhouseCoopers hf

Tryggvi Jónsson
löggiltur endurskoðandi

3. Almennar upplýsingar.

Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit.

Starfsleyfishafi er Stjörnuegg hf, Vallá, 162 Reykjavík, kt: 630191-1579
Útgefandi starfsleyfis fyrir Stjörnuegg hf. er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur en Umhverfisstofnun hefur tekið yfir sem eftirlitsaðili á haustmánuðum 2018

Númer fyrirtækjaflokks samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni er: **6.6. liður b.**

Í stjórn Stjörnueggja hf. sitja eftirfarandi aðilar:

Geir Gunnar Geirsson Vallá, 162 Reykjavík kt. 070845 - 2619
Hjördís Gissurardóttir Vallá, 162 Reykjavík kt. 171250 - 2269
Hallfríður Kristín Geirsdóttir, 200 Kópavogi kt. 140270 - 3939

Starfsemi fyrirtækisins er eggjaframleiðsla.

Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Stjörnuegg hf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið, hámarksnýta hráefni (fóður, orku og vatn bæði heitt og kalt) og minnka úrgang eftir því sem frekast er unnt.

Þessir þættir starfseminnar verða þungamiðja upplýsingaöflunar okkar fyrir “Grænt bókhald” fyrirtækisins í framtíðinni. Það er stefna Stjörnuegg hf. að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Við stefnum að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Við losun úrgangs er þess fyllilega gætt að hann valdi ekki skaða í náttúru eða umhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um umhverfisstefnu þess og framfylgja henni í samráði við stjórnendur og eigendur fyrirtækisins.

Stjörnuegg hf. vill vera umhverfisvænt fyrirtæki. Með því tekur það þátt í þeirri ábyrgð að skila heilbrigðu umhverfi til næstu kynslóða. Tilgangur með umhverfisstefnu og “Grænu bókhaldi” okkar er fjórþættur:

- Lágmarka losun á óæskilegum úrgangi frá starfseminni út í umhverfið.
- Auka nýtingu vatns og orku t.d. með innlendum orkugjöfum.
- Bæta hráefnisnýtingu eftir því sem kostur er (t.d. fóður og vítamín)
- Að vera snyrtilegur starfsvettvangur sem sé umhverfinu, eigendum og starfsmönnum okkar til sóma.

4. Almenn um umhverfisstefnu Stjörnuegg hf.

Við hjá Stjörnuegg hf. munum kappkosta að fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál. Við munum fræða, þjálfa og hvetja alla starfsmenn okkar til að vinna verk sín á umhverfissvænan hátt ásamt því að vakta og stýra mikilvægum umhverfispáttum til að lágmarka óæskileg umhverfisáhrif af völdum starfseminnar.

Við ætlum okkur að framkvæma þetta m.a. með því að:


- Vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- Lágmarka loftmengun og rykmengun eins og kostur er.
- Lágmarka magn líkamsleifa sem fara til urðunar.
- Lágmarka hættu á jarðvegsmengun af völdum úrgangs s.s. saur, hland og líkamsleifa.

Jafnframt þessu munum við taka fullt tillit til umhverfisáhrifa þegar eftirfarandi þættir starfseminnar fara fram:

- Val á nýjum framleiðsluferlum.
- Vöruþróun og markaðssetningu afurða okkar til neyslu í nærumhverfi.
- Minnkun á plastnotkun, úrgangi og sorpi við öll innkaup og starfsemi.
- Innkaup á hráefnum til framleiðslunnar og nýtingu á innlendu hráefni.
- Sölu afurða til viðskiptavina.
- Framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar á staðnum
- Færa grænt bókhald og birta í ársskýrslu fyrirtækisins.
- Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með úrbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.
- Lágmarka kolefnisfótspor félagsins með gróðursetningu trjáa og endurheimt votlendis þar sem völ er á.

5. Lykiltölur um umhverfismál – Hráefnis- og auðlindanotkun.

Framleiðsluferill starfseminnar er þessi:



Saltvík: Stofnfuglar
Sætún Ungauppeldi.
Vallá: Varphænur.
Brautarholt Varphænur.

Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur:

Eftirfarandi upplýsingar eru m.a.fengnar úr bókhaldi félagsins fyrir 2022 í samanburði við sambærilegar upplýsingar fyrir árin á undan.

Hér koma upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þá er enn fremur hér að finna tölulegar upplýsingar um urðun líkamsleifa og losun úrgangsefna (seyra).

		2022	2021
Framleiðsla	Tonn	1.560,3	1.402,3
Rafmagn	kWh	494.873	514.867
Fóðurnotkun	Tonn	3.801,1	3.470,9
Olíunotkun	Lítrar		
Kalt vatn	m ³	5701,6	5.206,3
Seyra	Tonn	919,8	843
Líkamsleifar	Tonn	86,8	105,1